Loftslags- og umhverfisnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

12. fundur loftslags- og umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, fimmtudaginn 29. október 2026 kl. 15.[45] e.h.

Fundinn sátu:

Anna Katrín Þórarinsdóttir, formaður

Sibéal Turraoin

Hans Guðmundur Magnússon

Steinar Sigurjónsson starfsmaður nefndarinnar (deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis)

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Steinar Sigurjónsson

1. Klausturhólar gjallnámur L168965; Efnistaka í Seyðishólum náma E24; Framkvæmdarleyfi – 2506103

Þann 21. október s.l. bókaði sveitarstjórn um að máli er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis vegna námu E24 í Seyðishólum yrði vísað til efnislegrar umfjöllunar hjá loftlags- og umhverfisnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Starfsmaður nefndarinnar fór yfir forsögu málsins og lagði fram þau gögn sem fyrir liggja í málinu.

Loftslags- og umhverfisnefnd telur að umsókn um framkvæmdaleyfi uppfylli þau skilyrði sem sett eru vegna efnistöku á svæði E24, Seyðishólum. Jafnframt telur nefndin að brugðist hafi verið með fullnægjandi hætti við þeim athugasemdum sem fram hafa komið vegna málsins og tillit tekið til þeirra röksemda sem úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála byggðist á.

Nefndin tekur undir það mat að áframhaldandi efnistaka muni hafa óafturkræf áhrif á jarðmyndun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Nefndin telur þó að brýn nauðsyn framkvæmdarinnar felist meðal annars í því að nýta þegar raskað efnistökusvæði til að mæta þörf fyrir jarðefni til framkvæmda, fremur en að hefja efnistöku á nýjum og óröskuðum svæðum. Þar að auki telur nefndin jákvætt að efnistaka fyrir sveitafélagið og nágrenni eigi sér stað í nærumhverfi og krefjist ekki orkufrekra flutninga. Þá telur nefndin sérstaklega mikilvægt að með framkvæmdaleyfinu verði tryggður skipulagður frágangur og endanleg lokun námunnar að efnistöku lokinni, sem svarar brýnni nauðsyn á vernd þeirra jarðminja sem málið varðar. Slíkur frágangur er nauðsynlegur með tilliti til öryggis og ásýndar svæðisins og mikilvægt að skýrar kröfur séu gerðar um framkvæmd hans.

2. Úrgangsmál

Starfsmaður nefndarinnar fór yfir helstu tölfræði varðandi úrgangsmál og þau verkefni sem eru framundan í málaflokknum. Ljóst er að svigrúm er til bætinga þegar kemur að flokkun úrgangs, þá sérstaklega frá frístundahúsabyggðum. Mikilvægast er að draga úr myndun blandaðs úrgangs, en sá úrgangsflokkur er dýrastur þegar kemur að afsetningu. Rætt var um möguleika á vitundarvakningu eða auglýsingaherferð til að ýta undir flokkun meðal íbúa og fasteignaeigenda.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 17:20